

Fundargerð 829. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2015, föstudaginn 3. júlí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Björk Vilhelmsdóttir, Ólafur Guðmundur Adolfsson í forföllum Jónínu Ernu Arnardóttur, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Páll Marvin Jónsson í forföllum Aldísar Hafsteinsdóttur, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Gunnar Axel Axelsson boðaði forföll, en varamaður hans hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Varamaður boðinn velkominn - 1409068SA

Formaður bauð velkominn á fundinn Pál Marvin Jónsson, varamann Aldísar Hafsteinsdóttur, sem sat nú stjórnarfund í fyrsta sinn.

2. Fundargerð 828. fundar - 1412022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 828. fundar frá 29. maí 2015.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

3. Kjaramálanefnd sambandsins - 1202010SA

Lögð fram fundargerð 16. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 25. júní 2015, ásamt minnisblaði, sem lagt var fram sem trúnaðarmál, um endurskoðun starfsmatskerfisins, dags. 22. júní 2015, og fundargerð framkvæmdanefndar um starfsmatskerfið SAMSTARF frá 25. júní 2015.

Einnig lögð fram fundargerð 17. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 29. júní 2015, ásamt minnisblaði, sem lagt var fram sem trúnaðarmál, um kjaradeilu við Félag skipstjórnarmanna, dags. 30. júní 2015.

Samþykkt var að taka upp viðræður við Faxaflóahafnir um þann mikla launamun sem er á milli starfsmanna Faxaflóahafna og starfsmanna annarra hafna á landinu.

4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 0911050SA

Lögð fram fundargerð 25. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 28. maí 2015.

Rætt var sérstaklega um 1. tölul. fundargerðar nefndarinnar þar sem fjallað

var um frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Eftirfarandi samþykkt gerð samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir vonbrigðum með, að Alþingi hafi ekki afgreitt breytingar á 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þrátt fyrir að sérstaklega hafi verið samið um það í samningum ríkisins við sambandið. Umrædd breyting heimilar sveitarfélögum að lækka fjárhagsaðstoð, ef vinnufært fólk neitar atvinnutilboðum og eða annarri virkni. Breytingin á 21. gr. félagsþjónustulaganna er til þess fallin að ýta undir virkni fólks á fjárhagsaðstoð, koma fólki úr þeirri fátækragildru sem lægsta fjárhagsaðstoð samfélagsins er og bæta þannig lífsgæði þess til lengri tíma litið.

Stjórnin beinir því til félags- og húsnæðismálaráðherra að ráðherrann beiti sér áfram fyrir því að lagabreytingin nái fram að ganga.

5. Skólamálanefnd sambandsins - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 93. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 8. júní 2015.

6. Mat á framkvæmd menntastefnu um skóla án aðgreiningar - 1303086SA

Lagt fram minnisblað skólamálafulltrúa sambandsins, um skil starfshóps um mat á framkvæmd menntastefnu um skóla án aðgreiningar, dags. 2. júní 2015, ásamt greiningu á gögnum um sérkennslu frá Hagstofu Íslands, dags. 1. nóvember 2014, og skýrslu starfshóps um mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, dags. 1. maí 2015.

Samþykkt var að vísa skýrslunni til umfjöllunar á skólapingi sem haldið verður 2. nóvember nk.

7. Aðgerðaráætlun um eflingu læsis - 1411044SA

Lögð fram kynning mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðaráætlun um eflingu læsis, dags. 25. júní 2015, ásamt drögum að samningi einstakra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðherra um átak til að auka læsi.

Stjórn sambandsins lýsir ánægju sinni með aðgerðaráætlun um eflingu læsis og hvetur sveitarfélög til að taka þátt í verkefninu. Stjórnin beinir því til Námsmatsstofnunar að ráðning læsiráðgjafateymis taki mið af mikilvægi nálægðar þeirra við þjónustuþega um allt land og faglegri reynslu nærsamfélagsins vegna stuðnings við nemendur með skertan lesskilning.

8. Börn í vanda í skólakerfinu - 1504039SA

Lögð fram drög að svari við áskorun frá SAMFOK, samtökum foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, og fleiri hagsmunasamtökum um börn í vanda í skólakerfinu, sbr. 7. tölul. fundargerðar 828. fundar stjórnar sambandsins frá 29. maí 2015.

Stjórnin samþykkir drög að svari við áskorun frá SAMFOK um börn í vanda í skólakerfinu.

9. Verkefnisstjórn um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 0801025SA

Lögð fram fundargerð 35. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 25. júní 2015.

10. Viðauki við samkomulag um eflingu tónlistarnáms - 1403035SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 29. júní 2015, um framlengingu samkomulags um tónlistarfræðslu og verkefni starfshóps um framtíðarfyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsstigi og 4. stigi, auk minnisblaðs Reykjavíkurborgar til ríkisstjórnarinnar, dags. 15. júní 2015.

11. Stefnumarkandi umræða um umsagnir sambandsins - 1505055SA

Á 827. fundi stjórnar sambandsins 27. mars 2015 var ákveðið að taka stefnumarkandi umræðu á stjórnarfundi um umsagnir sambandsins. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs, dags. 29. júní 2015, með samantekt um hagsmunagæslu sambandsins gagnvart Alþingi.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og stjórnarmenn lýstu skoðunum sínum og bentu á atriði sem nýta má við gerð umsagna sambandsins, þegar ástæða þykir til. Að öðru leyti lýstu allir, sem þátt tóku í umræðunni, mikilli ánægju með umsagnir sambandsins.

12. Flugvallarkostir á höfuðborgarsvæðinu - 1401015SA

Lögð fram skýrsla um flugvallarkosti á höfuðborgarsvæðinu, dags. 1. júní 2015, með niðurstöðum sameiginlegrar athugunar ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group, þar sem kannaðir voru aðrir kostir til rekstrar innanlandsflugs en framtíðarflugvöll í Vatnsmýri.

13. Verkefnaflutningur - málefni fatlaðra - 0712408SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 30. júní 2015, um undanþágur frá lagmarksíbúafjölda þjónustuvæða samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks.

Stjórnin samþykkir framlögð drög að umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins um undanþágur frá lágmarksíbúafjölda þjónustuvæða.

14. Afmæli sambandsins 1945-2015 - 1506220SA

Lögð fram samantekt sviðsstjóra rekstrar- útgáfusviðs sambandsins um stofnun Sambands íslenskra sveitarfélaga í júní 1945 sem hann gerði nánari grein fyrir.

15. Styrkir til meistaranema - 1506233SA

Lögð fram tillaga formanns og framkvæmdastjóra sambandsins í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins, dags. 30. júní 2015, um árlega styrki á árunum 2016–2018 til allt að þriggja meistaranema, sem vinna að lokaverkefnum á sviði sveitarstjórnarmála. Lagt er til að hver styrkur verði að fjárhæð 250.000 kr. og skulu verkefni sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða í stefnumörkun sambandsins 2014–2018. Einnig lögð fram drög að verklagsreglum vegna úthlutunar styrkja til meistaranema, dags. 29. júní 2015.

Stjórnin samþykkti framlagða tillögu formanns og framkvæmdastjóra um styrki til meistaranema, til þess að rita meistaranema sem hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða í stefnumörkun sambandsins 2014–2018.

16. Heimasíða Sambands íslenskra sveitarfélaga - 0503121SA

Í tilefni af 70 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga opnaði formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, nýjan og endurbættan upplýsinga- og samskiptavef sambandsins www.samband.is. Vefurinn hefur verið uppfærður miðað við þá þróun sem hefur orðið í allri samskiptatækni á síðustu árum og er nú hægt að skoða vefinn í snjallsímum, spjaldtölvum og far- og borðtölvum. Vefurinn aðlagar sig að stærð skjás á tæki notanda.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs og tækni- og upplýsingafulltrúa sambandsins, dags. 1. júlí 2015, um vef sambandsins.

17. Tímaritið Sveitarstjórnarmál á Tímarit.is - 1404016SA

Í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins opnað varaformaður sambandsins, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, fyrir aðgang almennings að tímaritinu Sveitarstjórnarmálum á vefnum Tímarit.is. Allir árgangar Sveitarstjórnarmála frá 1941 til 2013 hafa verið myndaðir og birtir á vefnum, en tímaritið hefur nú komið út í 75 ár. Unnið var að þessu máli í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 30. júní 2015, um málið.

18. Framkvæmdasjóður ferðamannaáætlun - 1106014SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins um fund með ráðherra ferðamála 29. júní 2015.

19. Tilnefning í nefnd til að semja nýja framkvæmdaáætlun í barnavernd - 1505026SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 10. júní 2015, þar sem Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í nefnd til að semja nýja framkvæmdaáætlun í barnavernd.

20. Tilnefning í ráðgjafarnefnd um rafrænar kosningar - 1505024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 10. júní 2015, þar sem Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari í Garðabæ, og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, eru tilnefnd í ráðgjafarnefnd um rafrænar kosningar. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

21. Tilnefning í verkefnisstjórn um áframhaldandi styrkingu sveitarstjórnarstigsins - 1506083SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 12. júní 2015, þar sem Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, og Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, eru tilnefnd í verkefnisstjórn um áframhaldandi styrkingu sveitarstjórnarstigsins.

22. Tilnefning í Íslenska málnefnd - 1505025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. júní 2015, þar sem Hilmar Hilmarsson, skólastjóri,

og Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, eru tilnefnd í Íslenska málnefnd. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

23. Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða - 1506218SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 30. júní 2015, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu í stjórninni.

24. Tilnefning í verkefnisstjórn um úttekt á öldrunarþjónustu - 1506217SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 30. júní 2015, þar sem Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, er tilnefndur í verkefnisstjórnina.

25. Umsögn um frumvarp til laga um byggðaaætlan og sóknaráætlanir - 1505018SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. maí 2015, um frumvarp til laga um byggðaaætlan og sóknaráætlanir, 639. mál.

26. Umsögn um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflugvelli - 1505015SA

Lögð fram til kynningar viðbótarumsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. júní 2015, um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflugvelli, 361. mál.

27. Umsögn um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2014-2018 - 1506112SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. júní 2015, um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2014-2018, 770. mál.

28. Athugasemd við nefndarálit um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð - 1504035SA

Lögð fram til kynningar athugasemd sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 18. júní 2015, við nefndarálit nefndarinnar um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál.

29. Umsögn um frumvarp til laga um stöðugleikaskatt - 1506215SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 24. júní 2015, um frumvarp til laga um stöðugleikaskatt, 786. mál, ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 11. júní 2015, um áhrif tekna ríkissjóðs af skattlagningu slitabúa á tekjur jöfnunarsjóðs.

Framkvæmdastjóri vakti athygli stjórnarmanna á minnisblaði sínu, dags. 11. júní 2015, og fundi sem hann átti með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, þar sem ítrekaður var sá skilningur sambandsins að hluti þeirra tekna sem ríkið mun fá vegna stöðuleikaframlags eða stöðuleikaskatts eigi að renna til

greiðslu skulda sveitarfélaga, enda kemur fram í frumvarpinu að greiða eigi niður skuldir hins opinbera. Á fundinum var þessum skilningi ekki mótmælt og í nefndaráliti er þessi skilningur ekki hrakinn.

- 30. Umsögn um drög að reglugerð um endurnýtingu úrgangs - 1506230SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfisráðuneytisins, dags. 30. júní 2015, um drög að reglugerð um endurnýtingu úrgangs.
- 31. Umsögn um drög að reglugerð um alþjónustu - 1308033SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 1. júní 2015, um reglugerð um alþjónustu og framkvæmd póstpjónustu.
- 32. Fjármögnun NPA-samninga 2015 - 1103001SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðherra, dags. 26. júní 2015, um fjármögnun NPA-samninga árið 2015.
- 33. Skattlagning hitaveitna sveitarfélaga - 1505031SA**
Lagt fram til kynningar bréf Samorku og Sambands íslenskra sveitarfélaga til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 15. júní 2015, um hækkaða skattbyrði hitaveitna.
- 34. Bókun stjórnar SSV um fjárveitingar til þjónustu við fatlað fólk - 1309005SA**
Lögð fram til kynningar bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 10. júní 2015, þar sem stjórnin lýsir áhyggjum sínum vegna ónógra fjárveitinga til þjónustu við fatlað fólk.
- 35. Þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum - 1301018SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 23. júní 2015, þar sem óskað er eftir frekari framlengingu á samningi um ytra mat á grunnskólum og fjármögnun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- 36. GERT- Grunnmenntun eflid í tækni- og raunvísindum - 1203010SA**
Lögð fram til kynningar skýrsla verkefnisstjóra GERT verkefnisins skólaárið 2014-2015.
- 37. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins kjörtímabilið 2014-2018 - 1407002SA**
Lögð fram til kynningar gögn frá fundi sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 24.-26. mars 2015.
- 38. EFTA Sveitarstjórnarvettvangur - 0702515SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs og forstöðumanns Brussel-skrifstofu sambandsins, dags. 29. júní 2015, með upplýsingum um 11. fund sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem haldinn var í Stange í Noregi 11.-12. júní 2015.
- 39. Fundur í stefnumótandi nefnd CEMR - 1406007SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs og forstöðumanns Brussel-skrifstofu sambandsins, dags. 29. júní 2015, með upplýsingum um fund stefnumótandi nefndar CEMR (Policy Committee) sem haldinn var í München í Þýskalandi 25.-26. júní 2015.

40. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 2015 - 1002005SA

Lagt fram til kynningar fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 6. tbl. 2015, um ársreikninga A-hluta 2014.

41. Vinnumarkaðsstefna og skipulag vinnumarkaðsmála á Íslandi - 1507002SA

Lögð fram til kynningar skýrsla velferðarráðuneytisins um niðurstöður nefndar um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála á Íslandi, dags. í júní 2015.

Fundi var slitið kl. 15:05.

Næsti fundur er ráðgerður 11.-12. september nk. í tengslum við ferð stjórnar um hluta Suðurlands.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Ólafur Guðmundur Adólfsson

Björk Vilhelmsdóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Páll Marvin Jónsson

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari